

## Fyrsta skrefið ..

Áður en þú byrjar að undirbúa fyrirtækið fyrir Eurogarant vottun og úttektir BSI á Íslandi þarf að lesa kröfur og fylgigögn vandlega. Ef þú hefur einhverjar spurningar er best að hafa samband við BSI á Íslandi sem veitir þér frekari upplýsingar um Eurogarant. Hægt er að panta forúttekt þar sem farið er yfir kröfur Eurogarant og séð hvernig verkstæðið stendur m.t.t. þeirra áður en að sjálft vottunarferlið hefst með formlegri úttekt. Rukkað er fyrir forúttekt samkvæmt gjaldskrá.

Við mælum með að þú tilgreinir fulltrúa í fyrirtækinu sem hefur umsjón með eftirfylgd og söfnun nauðsynlegra gagna.

### Hvar á að byrja?

Fyrst og fremst þarf að lesa kröfurnar vandlega, þeim er skipt í eftirfarandi flokka:

- Almennar kröfur
- Efnislegar kröfur fyrir verkstæðið
- Starfs- og menntunarkröfur
- Verkfæri og búnaður
- Vinnu- og gæðastjórnun
- Árlegt eftirlit/skoðun
- Sjálfskoðun

Í hlutanum „Verkfæri og búnaður“ koma fram tiltekna kröfur um bæði lögbundna skoðun og eftirlit af hendi innflutningsaðila búnaðar. Þetta skal hafa farið fram áður en skoðun fer fram.

Gera skal grein fyrir búnaði sem keyptur er meira en 12 mánuðum (36 mánuðum fyrir réttigabekk) áður en skoðun fer fram með reikningi þar sem raðnúmer kemur fram. Í viðauka við lýsingu á kröfum kemur fram sá búnaður sem skoðaður skal af utanaðkomandi eftirlitsaðila og þar koma fram þau tímabil sem skoðun skal fara fram.

Til að hefja vottunarferlið þarf að fylla út umsókn hjá BSI á Íslandi og undirrita samning um reglulegar úttektir.

Þegar búið er að votta verkstæðið og skírteini afhent, fær verkstæðið skilti og fána með merki Eurogarant. Verkstæðinu er í framhaldinu heimilt að nota merki Eurogarant til kynningar og í markaðsetningu.





# Kröfur fyrir réttinga- og málningaverkstæði

## 1. Almenn

---

- a. Tilnefndur hefur verið ábyrgðaraðili gagnvart Eurogarant staðlinum og hann er skráður í Eurogarant möppuna.
- b. Gögn frá Eurogarant skulu vera í Eurogarant-möppunni.
- c. Skjöl, upplýsingar og annað skal vera geymt rafrænt í tölvu í a.m.k. 3 ár.
- d. Ávallt skal vera hægt að framvísa gögnum um eftirtalið:
  - Skoðun á búnaði (lögboðnar skoðanir á t.d. lyftum og þrýstítækjum).
  - Skoðunareyðublöð fyrir síuskipti og leiðarvísir fyrir málningarklefa.
  - Menntunaráætlun skal vera til staðar.
  - Staðfestingu á menntun/endurmenntun.
  - Fyrir ómenntaða starfsmenn skal framvísa gögnum um starfsreynslu.
- e. Það er 3ja ára ábyrgð á réttgavinnu og 2ja ára á málningarvinnu fyrir einstaklinga.
- f. Upplýsa skal um alla breytingar á starfseminni er varða kröfur Eurogarant til Eurogarant á Íslandi.
- g. Þegar verkstæðið hefur ekki lengur heimild til að auglýsa sig sem Eurogarant verkstæði skal fjarlægja öll skilti/bréfsefni/lógó o.þ.h. (Ef það er ekki gert getur það leitt til málaferla. Greidd gjöld eru ekki endurgreidd.)
- h. Allir aðilar samþykkja að heimild til að nota heitið „Eurogarant verkstæði“ getur verið afturkolluð ef ekki er farið eftir samningnum eða einstaka ákvæðum skilmálanna.
- i. Allir aðilar samþykkja að innganga og útganga úr Eurogarant er gerð opinber á [www.eurogarant.is](http://www.eurogarant.is).
- j. Verkstæðið er merkt með broskalli í samræmi við einkunn á [www.eurogarant.is](http://www.eurogarant.is).
- k. Allur kostnaður sem tengist eftirliti BSI á Íslandi ehf. og eftirfylgni verður innheimtur af BSI á Íslandi ehf.
- l. Greiða skal árgjald samkvæmt verðlista sem í gildi er hverju sinni fyrir aðild að Eurogarant (þóknunin nær til leyfis Eurogarant, umsýslu, markaðssetningar á neti og í fagtímaritum).
- m. Umsækjanda er kunnugt um að komi til hagsmunaárekesturs á milli Eurogarant á Íslandi og aðildarverkstæðis getur slíkt verið útkljáð fyrir dómstólum.
- n. Uppsögn af hendi Eurogarant á Íslandi getur orðið með 3 mánaða fyrirvara.

## 2. Efnislegar kröfur fyrir verkstæðið

---

Réttinga- og málningaverkstæði innan Eurogarant á Íslandi skulu hafa:

- a. Snyrtilegt umhverfi utan- sem innandyra, þrífalegt og hreint.
- b. Klæðnaður starfsfólks er samræmdur og snyrtilegur. Merki sem gefur til kynna Eurogarant vottun skal borið á öxl eða brjósti vinnufatnaðar.
- c. Snyrting starfsfólks og viðskiptavina skal vera hrein.
- d. Eurogarant fáni á fyrirtækinu, ef lóð eða umboðsaðili leyfa. (Valkvætt)
- e. Skilti Eurogarant við afgreiðslu.
- f. Gallaðir hlutir o.þ.h. og endurvinnslugámar skulu vera úr auglýsni viðskiptavinarins eða í lokuðum og snyrtilegum gámum.
- g. Dagljósalampi í málningarklefa og málningarverkstæði.

## 3. Starfs- og menntunarkröfur

---

Réttinga og málningaverkstæði innan Eurogarant á Íslandi skulu:

- a. Fara eftir leiðbeiningum framleiðenda.
- b. Tryggja þátttöku stjórnenda og starfsfólks í endurmenntunar námsleiðum.
- c. Vera með námsvottorð (afrit) og námskeiðsstaðfestingar til staðar í Eurogarant möppunni.
- d. Vera með endurmenntunaráætlun í gangi.
- e. Tölvukerfi með aðgang að interneti og litaprentara.
- f. Afrit af sveinsbréfum skal geyma í Eurogarant möppunni.

#### 4. Verkfæri og búnaður

**Réttingaverkstæði** innan Eurogarant skulu hafa:

- a. Virk verkfæri til meðhöndlunar á skemmdum á yfirbyggingu og réttingavinnu.
- b. Átaksmælar
- c. Dekkjaþrýstingsmælar
- d. Mótstöðusuða eins og kröfur bílaframleiðandans kveða á um, þó a.m.k. 9000 Amp. með að lágmarki 350 daN þrýstingi. **Skal skoðað af fulltrúa framleiðanda.\***
- e. MAG/MIG púlssuðutæki/lóðunarbúnaður  
**Réttingaverkstæðið skal sýna fram á virkni búnaðarins við skoðun BSI á Íslandi.**
- f. Réttingabekkur með viðeigandi klemmum og mælíbúnaði (leigusamningur á klemmum er í lagi).  
**Skulu vera skoðaðir og kvarðað af fulltrúa framleiðanda.\***
- g. Réttingamælitæki á borð við mælistöng, leyserkerfi eða álíka. **Skal skoðað og kvarðað af framleiðanda**
- h. Loftræstikerfi. **Skal skoðað af fulltrúa framleiðanda.\***
- i. Ljósastillitæki og sléttur mælingarstaður (hámm. 3 mm/m halli). Strik þar sem ljósastillitæki er keyrt.  
**Skal skoðað af kvörðunarstofu eða fulltrúa framleiðanda.\***
- j. Hjólastillingartæki **Skal vera skoðað af kvörðunarstofu eða fulltrúa framleiðanda.\*+\*\***
- k. Hjólastillingarlyfta **Skal vera skoðuð af fulltrúa vinnueftirlitsins.**
- l. Villukóðalesari / OBD-skanni (a.m.k. ein tegund). **Leiðbeiningar fyrir uppfærslur jafnóðum.**
- m. Verkfæri fyrir álviðgerðir (álfylgihlutir fyrir MIG-suðu, plathamar/verkfæri).  
Ekki má nota verkfæri sem ætluð eru fyrir stál á áhluti - hætta á tæringu.
- n. Aðgengi að hnoðverkfæri (til lengri tíma er krafa um eigin hnoðverkfæri, komi til að bílar krefjist slíks).
- o. Búnaður og efni fyrir frágang (pólering o.þ.h.).
- p. Hjólastillingarplattar, loftpressa.

\* Vísað til Eurogarant

\*\* Leita má til samstarfsaðila í innan við 5 km fjarlægð frá verkstæðinu.

#### **Myndir -Réttingaverkstæði**

Hlaða skal niður myndum af neðangreindum svæðum/verkfærum/búnaði á umsóknarsíðu BSI á Íslandi og skulu númeraðar með eftirfarandi hætti. (Umsóknarsíða: [bsia.islandi.is/onnur-thjonusta/gaedavottun-verkstaeda](https://bsia.islandi.is/onnur-thjonusta/gaedavottun-verkstaeda).)

Myndir 1-4	4 myndir teknar utandyra sem sýna heildaryfirbragð verkstæðisins.
Mynd 5	Aðgengi/móttaka viðskiptavina séð utan frá.
Mynd 6	Aðkeyrsla að bílastæði viðskiptavina.
Myndir 7-8	Móttaka og aðstaða viðskiptavina innan frá.
Mynd 9	Snyrting fyrir viðskiptavini
Mynd 10	Skilti með tímagjaldi.
Myndir 11-12	Réttingaverkstæðið.
Mynd 13	Réttingabekkur.
Mynd 14	Verkfæri fyrir réttingu á dældum án málningarvinnu.
Mynd 15	Verkfæri fyrir rúðuskipti.
Mynd 16	Verkfæri fyrir plastviðgerðir.
Mynd 17	Málningarsprauta og málningarsvæði
Mynd 18	Villukóðalesari / OBD-skanni.
Mynd 19	Afloftunarbúnaður fyrir bremsur.
Mynd 20	Ljósastillitæki og ljósastillingasvæði.
Mynd 21	Mótstöðusuða og mynd af gerðarskilti með upplýsingum um straum/þrýsting.
Mynd 22	Undirbúningssvæði fyrir málningavinnu.
Mynd 23	Þjónustueining fyrir loftkælingu.
Mynd 24	MIG/MAG suðuvél (MIG skal vera eins eða tveggja púlsa).
Mynd 25	Álfylgihlutir fyrir MIG-suðu og verkfæri fyrir ál.
Mynd 26	Geymslusvæði fyrir smáhluti og varahluti.
Mynd 27	Geymslusvæði fyrir sundurtekna hluti af bílum viðskiptavina.
Mynd 28	Geymslusvæði fyrir skemmda hluti og vökvásöfnun.

## 5. Verkfæri og búnaður

**Málningaverkstæði** innan Eurogarant skulu hafa:

- a. Virk verkfæri fyrir vinnu með málningu.
- b. Bílalyfta – til að tryggja rétta líkamsstöðu við málningar- og slípunarvinnu. Lögbundin skoðun á lyftu og tjakki.
- c. Hjólastillingarplattar, loftpressa. Lögbundin skoðun
- d. Lakkþykktarmælir.
- e. Mælitæki fyrir litatóna. Skoðað/kvarðað (samkvæmt ferli framleiðanda - skráð).
- f. Ferskloftbirgðir (loftgæði/kímtala/bakteríur) Lögbundin skoðun með tilliti til leiðbeiningar.
- g. Viðhald á síu í sprautuklefa gólf u.þ.b. 3/mán. - veggir/loft u.þ.b. 1-2/ár, eftir notkun og óhreinindum. Eyðublað fyrir sjálfsskoðun með dagsetningu fyrir skipti.
- h. Veggsía/staðarfrásog (gufun) og staðarfrásog (ryk) á slípisvæði. Skipt um síu eftir þörfum, háð notkun og hreinleika. Eyðublað fyrir sjálfsskoðun með dagsetningu fyrir skipti.
- i. UV/innrauð ljós, hreyfanleg eða föst.
- j. Póleringartæki með mismunandi hörku.
- k. Setja skal upp öryggiskilti.
- l. Svæði fyrir þvott og hreinsun

### Myndir - Málningaverkstæði

Hlaða skal niður myndum af neðangreindum svæðum/verkfærum/búnaði á umsóknarsíðu BSI á Íslandi og skulu númeraðar með eftirfarandi hætti. (Umsóknarsíða: [bsi.islandi.is/onnur-thjonusta/gaedavottun-verkstaeda](https://bsi.islandi.is/onnur-thjonusta/gaedavottun-verkstaeda).)

Myndir 1-4	4 myndir teknar utandyra sem sýna heildaryfirbragð verkstæðisins.
Mynd 5	Aðkeyrsla að bílastæði.
Myndir 6-7	Síusvæði, sprautuskápur og slípisvæði.
Mynd 8	Lakkþykktarmælir.
Myndir 9-10	Sprautubyssa og hreinsikerfi.
Mynd 11	Mælitæki fyrir litatóna.
Myndir 12-14	Litablöndunarherbergi með viðurkenndri loftræstingu.
Mynd 15	Skilti með tímagjaldi.
Myndir 16-19	Verkstæðið.
Mynd 20	Loftræsting.
Mynd 21	Málningargalli, andlitsgrímur, hanskar o.s.frv.
Mynd 22	Verkfæri fyrir plastviðgerðir.
Mynd 23	Lakkþurrkunarkerfi (innrautt o.þ.h.)
Mynd 24	Litalager.
Mynd 25	VOC-merktar vörur.
Myndir 26-29	Viðvörðunarskilti við blöndunarherbergi, málningarklefa, slípisvæði, húsnæði.
Mynd 30	Undirbúningssvæði fyrir málningarvinnu.
Myndir 31-32	Málningarklefi/-klefar. Innan og utan frá.
Mynd 33	Verkfæri fyrir lokameðferð/póleringu.
Mynd 34	Slípivélar.
Mynd 35	Geymslusvæði fyrir losaða hluti af bílum viðskiptavina.
Mynd 36	Geymslusvæði fyrir efnaúrgang (málning, þynni o.þ.h.)

## 6. Skoðun BSI á Íslandi ehf

---

Skoðunarheimsókn er tilkynnt með nokkurra daga fyrirvara án þess að getið sé um nákvæman skoðunardag.

### Gildir fyrir fyrstu skoðun.

Hvað varðar eftirfylgni kann að vera gefinn fyrirvari á skoðunarheimsókn / nákvæm dagsetning.

### Ekki er hægt að breyta skoðunardagsetningu.

Skoðun fer fram við upphaf, ári eftir upphaf og svo annað hvert ár.

- Skoðanir eru gerðar í samræmi við gildandi skoðunaráætlun sbr. ISO 9001.
- Farið er eftir leiðbeiningum framleiðanda og farið er yfir viðgerðarvinnuna. (afrit af eintaki sótt á netið, afrit að verkstæðishandbók, útprentun úr upplýsingakerfi).
- Lakkþykktarmæling fer fram á viðgerðum bíl og upprunalegum tjónshlut.
- Skoðunarskýrsla BSI á Íslandi ehf er grundvöllur fyrir samþykki/höfnun. Skýrslan er send til Eurogarant á Íslandi.
- Verkstæðið skal aðstoða skoðunaraðila BSI á Íslandi ehf við skoðunina.
- Ef gallar finnast eða gögn skortir skal verkstæðið senda þau gögn sem skortir til BSI á Íslandi ehf eða ef gallar eru lagfærðir verður eftirfylgni.
- Ef BSI á Íslandi ehf getur ekki framkvæmt skoðun vegna ófyrirsjáanlegra orsaka á verkstæðinu telst það sem árangurslaus heimsókn.

## 7. Vinnu- og gæðastjórnun

---

- Skoðunarskýrsla skoðunaraðila er grundvöllur fyrir samþykki/höfnun. Skýrslan er send Eurogarant á Íslandi.
- Áframhaldandi samþykkt af fulltrúa skoðunaraðila á málningu á bíl og notkun á leiðbeiningum málningarframleiðanda. Eftirlit með rétttri samsetningu spartl, sýrugrunna, epoxí, lakk-/grunnlagi, þ.m.t. ryðvarnarlag / zink-húð þar sem slíks krafist.
- Mat (M) og vægi (V) við skoðun. Ef aðfinnslur eru, skal gefa mínusstig með viðeigandi vægi, 1-5. Fyrir þætti með vægið 1-4 er mest leyfilegt að fá vegin 27 mínusstig. (Réttingaverkstæði 25 mínusstig) **Ekki má fá mínus fyrir þætti með vægi 5.**
- Lakkþykktarmæling fer fram á spörsluðum hlut (miðju og kanti), á viðgerðum bíl og upprunalegum tjónshlut. Útskýring á uppbyggingu málningarlaga gagnvart fulltrúa skoðunaraðila.

## 8. Skoðanir

---

### Sjálfskoðun

- Verkstæðið skal framkvæma 1 sjálfskoðun á ári.
- Verkstæði sendir niðurstöðu sjálfskoðunar að eigin frumkvæði með tölvupósti innan viðkomandi tímabils til Eurogarant á Íslandi.
- Fylgja skal skoðunarleiðbeiningum nákvæmlega.
- Tryggingafélög, BSI á Íslandi ehf og viðkomandi bílannflytjendur kunna að fá aðgang að niðurstöðum sjálfskoðunar í takmarkaðan tíma.

## Skoðun á búnaði og verkfærum á réttingaverkstæðum

Utanaðkomandi skoðun á búnaði er framkvæmd af kvörðunarstofu eða fulltrúa framleiðanda.

Eftirfarandi búnaður/verkfæri eru skoðuð:

Búnaður	Skoðun	Tíðni
Mótstöðusuða	Virkni/straumur/þrýstingur	Á hverju ári
Réttingabekkur	Virkni/ástand	3 hvert ár
Réttingamælir	Virkni/nákvæmni	Á hverju ári
Loftræstikerfi	Virkni/nákvæmni	Á hverju ári
Ljósastillitæki	Virkni/nákvæmni – við gráðustillingu lýsast gráður til hægri/vinstri í sambandi við mælingarstaðinn.	Á hverju ári
Ljósamælisvæði	Nákvæmni/merking – 3 mm/m, lengd/breidd/skálína	3 hvert ár
Hjólastillingartæki	Virkni/nákvæmni	Á hverju ári
Hjólastillingarlyfta	Virkni/nákvæmni	Á hverju ári

## Endurmenntun

### Endurmenntunarkostir sem Eurogarant á Íslandi viðurkennir

Námskeið kunna að fara fram af hendi skóla, einkaaðila, Eurogarant á Íslandi o.fl.

- |  |  |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Námskeið um lím/hnoð</li><li>• Suðutækni</li><li>• Mótstöðusuða</li><li>• MIG/púlssuða lóðun</li><li>• Lestur viðgerðarleiðbeininga</li><li>• Fjórhjólastilling</li><li>• Rétting á koltrefjum og áli, þ.m.t. sérstök lím-/hnoðtækni</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Réttingatækni</li><li>• Rúðuviðgerðir</li><li>• Þvottur/frágangur/fæging/pólering</li><li>• Greiningarnámskeið</li><li>• Öryggi rafbíla/hybrid-bíla</li><li>• Endurmenntun í loftræstikerfi, villuleit, viðgerð o.þ.h. (Lögbundin námskeið, sem teljast ekki til endurmenntunar)</li></ul> |
|--|--|

### Stjórnendur:

- Rekstur/stjórnun

### Skrifstofa:

- Upplýsingatækni

### Annað

BSI á Íslandi ehf. skal meta hvort námskeið sem tekin eru séu fullnægjandi.

Áhersla er lögð á að í boði sé námsáætlun sem miði að símenntun. Tekið er tillit til fjölda starfsfólks í fyrirtækinu.